

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um félagslegar íbúðir
og Byggingarsjóð verkamanna nr. 375/1996.

1. gr.

3. málsl. a-liðar 1. mgr. 75. gr. orðast svo:

Reiknuð er útborgun sú sem seljandi lagði fram við kaup á íbúðinni í upphafi með 1% einföldum vöxtum og verðbótum frá kaupsamningsdegi til söludags. Við bætist, eftir því sem við á, 1/26, 1/33 eða 1/42 hluti upphaflegra lána fyrir hvert heilt eignarhaldsár, sem seljandi hefur átt íbúðina, með 1% einföldum vöxtum og verðbótum. Verðbætur á hlutföll upphaflegra lána, ásamt vöxtum, skal reikna sérstaklega fyrir hvert heilt eignarhaldsár miðað við þá vísitölu sem var í gildi þegar heilt ár var liðið af eignarhaldstímanum og síðan árlega til söludags.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. nóvember 1998.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.